

## Skólapúlsinn Vorskýrsla

### 1 Inngangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat á starfsemi sinni. Megintilgangur með sjálfsmati er að kanna hvort tekist hafi að ná markmiðum skólans, að greina veika og sterka þætti skólastarfsins og bæta það sem bæta þarf en um leið styrkja jákvæða þætti. Skólanum ber að koma til móts við þá sem standa að skólasamfélaginu og þannig móta í sameiningu gott skólastarf. Sjálfsmat á stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað og er það lykillinn að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni en sjálfsmatið sjálft verður að byggja á fjölbreyttum greiningargögnum miðað við aðstæður og viðfangsefni hverju sinni og hafa ber í huga að þeir sem koma helst að skólanum, starfsfólk, foreldrar og nemendur taki þátt í sjálfsmatinu og komi þannig sínum sjónarmiðum að. Mennta- og menningarmálaráðuneyti gefur út ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni sem og leiðbeiningar um sjálfsmat (sjá: <https://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226>).

Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta og er þessi skýrsla m.a. liður í því að gera sjálfsmat skólans opinbert.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats skólans. Allir starfsmenn skólans taka þátt í vinnuferlinu, þ.e. í gagnaöflum, með viðtölum við foreldra sem og vinnu við líðana- og tengslakannanir.

### 2 Starfsemi og áherslur skólans

#### 2.1 Skólinn.

Höfðaskóli á Skagaströnd er grunnskóli með 85 nemendur í 1. til 10. bekk í upphafi skólaárs 2017-2018, 12 nemendur komu úr nærliggjandi sveitarfélagi, Skagabyggð. Við skólann störfuðu 12 kennarar og leiðbeinendur í mismiklum starfshlutföllum ásamt fjórum stuðningsfulltrúum, einum skólaliða, starfsmanni á bókasafni og

húsverði. Þá hefur skólahjúkrunarfræðingur fastan viðtalstíma í skólanum og sinnir almennri heilsugæslu. Skólstarfinu er skipt í tvær annir: haust- og vorönn. Sund er kennt í námskeiðsformi haust og vor u.þ.b. hálfan mánuð í hvort skipti. Er þetta fyrirkomulag haft vegna þess að sundlaugin hefur verið lokuð yfir vetrartímann. Kennsludagar voru 175. Nemendum og starfsfólki býðst að kaupa heitar skólamáltíðir í hádeginu. Gott samstarf er milli Höfðaskóla og Tónlistarskóla Austur-Húnavatssýslu. Nemendur sem stunda tónlistarnám fá að fara úr almennum tímum í skólanum í tíma í tónlistarskólanum og eru tónlistartímarnir skipulagðir þannig að nemendur mæta á mismunandi tímum frá viku til viku. Þá er tónlistarnám viðurkennt sem ein af valgreinum í eldri bekkjum skólans.

## 2.2 Stefna skólans og áherslur

Stefna skólans eða yfirmarkmið hans koma fram í einkunnaorðunum skólans *Vinsemd-Virðing-Styrkur*. Þar er vísað til þess að öllum beri að sýna samferðafólki sínu vinsemd og virðingu þrátt fyrir að við erum ólík og jafnvel ósammála um mikilvæg atriði. *Vinsemd* og *virðingu* er ekki hægt að kaupa sér heldur verður maður að öðlast hvort tveggja með eigin framkomu og hegðun. *Styrkur* vísar til þess að til þess að vera virkur og hamingjusamur einstaklingur í lýðræðislegu samfélagi er ekki nóg að vera læs og skrifandi. Allir þurfa að efla styrk sinn á breiðu sviði án þess þó að það komi niður á öðrum. Á yngsta stigi er m.a. unnið eftir aðferðum byrjendalæsis ásamt þeirri áherslu að kenna í gegnum leik. Skólinn er samstarfsaðili hinna grunnskólanna í Austur-Húnavatnssýslu um endurmenntun starfsmanna. Fræðslustjóri skipuleggur námskeið í samráði við stjórnendur skólanna. Í vetur snerist námskeiðið um leiðsagnarmat undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar og er ætlunin að halda því áfram næsta skólaár með teymiskennsluívafi. Stærðfræðistefnan er langt á veg komin og læsisstefnan er tilbúin.

### 3 Innra mat skólans skólaárið 2017-2018

#### 3.1. Greiningargögn

Til að sjálfsmat sé raunhæft og áreiðanlegt er nauðsynlegt að fram fari víðtæk og sem fjölbreytilegust gagnaöflun er varðar skólastarfið. Skólinn notar greiningartæki Skólapúlsins við gagnaöflunina en einnig ýmsar líðan- og tengslakannanir, foreldra- og starfsmannaviðtöl, niðurstöður samræmdra prófa, bekkjarnámskrár, almennt námsmat skólans, kennara- og starfsmannafundi, teymisfundi og ýmsar skimanir, með von um að sem áreiðanlegastar upplýsingar við sjálfsmatið náist.

#### 3.2 Sjálfsmatsáætlun 2017-2018

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
<b>Júní – ágúst.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ <i>Sjálfsmatsskýrsla</i> fyrra árs kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði og fræðsluyfirvöldum.</li> <li>➤ Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.</li> </ul>	Skólastjórnendur, starfsmenn, skólaráð og fræðsluyfirvöld.
<b>Ágúst – sept.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Umbótaáætlun kynnt</li> <li>➤ Kennsluáætlanir í Mentor</li> <li>➤ Haustfundir með forráðamönnum.</li> <li>➤ Starfsmannasamtöl skólastjóra.</li> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 2.-10.b.</li> </ul>	Skólastjórnandi, umsjónarkennarar og forráðamenn
<b>Október GAGNA ÖFLUN. Skólapúlsinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Skólapúlsinn - nemendakönnun</li> <li>➤ <i>Líðan- og tengslakannanir</i> lagðar fyrir nemendur allra bekkja. Unnið úr niðurstöðum á stigfundum.</li> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 1.b.</li> </ul>	Skólastjóri Umsjónarkennarar Nemendur
<b>Nóv. – des.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólapúlsinum og hugmyndir að umbótum lagðar fram.</li> </ul>	Skólastjórnendur, sérkennari, umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur
<b>Janúar – mars GAGNA ÖFLUN skólapúlsinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ <i>Líðana- og tengslakannanir</i> lagðar fyrir nemendur í 1.-10. b.</li> <li>➤ <i>Foreldraviðtöl</i> í jan., unnið úr niðurstöðum.</li> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 1.-10.b.</li> <li>➤ <i>Starfsmannasamtöl</i> (mars) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. .</li> <li>➤ Skólapúlsinn - foreldrar í febrúar og starfsfólk í mars.</li> </ul>	Skólastjórnendur Sérkennari, Umsjónarkennarar, Foreldrar Nemendur.
<b>Apríl – júní GAGNA ÖFLUN, Skólapúlsinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 1.-10.b. (maí)</li> <li>➤ Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólapúlsinum</li> <li>➤ Skólapúlsinn - nemendur (apríl)</li> <li>➤ Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin. Hugmyndir að umbótum sem byggja á mati skólaársins.</li> </ul>	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar

Að auki eru *logoskimanir* lagðar fyrir nemendur eftir þörfum allan veturinn. Nánar um læsi má sjá í læsisstefnu skólans.

### 3.3 Skólapúlsinn

Höfðaskóli notar spurningalista frá Skólapúlsinum til að auðvelda sér vinnuna við heildstætt sjálfsmat skólans. Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er reglulega yfir veturinn um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Matið er langtímamiðað þannig að auðvelt er að bera saman stöðuna milli mánaða og frá ári til árs. Mikil hagræðing er í notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk greining niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk. Niðurstöður um stöðu nemenda eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum á landinu.

**Nemendakannanir** eru tvær og lagðar fyrir nemendur í 6.- 10. bekk í október og apríl. Sömu spurningar eru lagðar fyrir í bæði skiptin og fjalla þær um nám og líðan nemenda í skólanum í eftirfarandi flokkum:

1. Virkni nemenda í skólanum
2. Líðan og heilsa
3. Skóla- og bekkjarandi

Aftast í spurningalistanum eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur tjá sig frjálst um hvað þeim þykir gott og hvað mætti betur fara í skólanum. Þessi svör gefa oft vísbendingar um hvað liggur að baki tölulegum niðurstöðum um líðan og virkni.

**Starfsmannakönnun** fer fram í mars og mælir 20 – 28 þætti (fer eftir starfsmanni) í sex flokkum::

1. Almennu um starfsmenn (allir starfsmenn svara)
2. Viðhorf til skólans (allir starfsmenn svara)
3. Kennarastarfið (kennarar svara)
4. Starfsumhverfi kennara (kennarar svara)
5. Mat og endurgjöf (kennarar svara)
6. Símenntun kennara (kennarar svara)

**Foreldrakönnunin** er lögð fyrir í febrúar og mælir hún 41 þátt í eftirfarandi fimm flokkum:

1. Nám og kennsla
2. Velferð nemenda
3. Aðstaða og þjónusta
4. Foreldrasamstarf
5. Heimastuðningur

Niðurstöður eru settar fram á skýran og auðskiljanlegan máta með prósentutölum og skífu- eða súluritum. Áætlun Skólapúlsins gerir ráð fyrir að spurt sé um mismunandi efnisflokka hverju sinni en þó er spurt um líðan nemenda á hverju ári.

### **3.4 Markmiðssetning og viðmið**

Út frá niðurstöðum sem Skólapúlsinn sendir skólunum má lesa hvar skólinn stendur miðað við landsmeðaltal. Einnig má sjá samanburð milli bekkja og kynja innan skólans. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur sýnir sterkt einkenni nemenda í skólanum. Skólapúlsinn gefur út sem viðmiðunarreglu að **munur upp á 0,5** stig telst **ekki** mikill munur, **munur upp á 1.0 stig** telst **töluverður** munur og **munur upp á 1,5 stig** og meira telst **mikill eða mjög mikill** munur.

Skólinn hefur sett sér það viðmið að sé niðurstaða skólans meira en 0,5 stigum undir landsmeðaltali beri að skoða það alvarlega og gera tillögur til úrbóta. Það sem væri svipað landsmeðaltali og niður að 0,5 stigunum þyrfti að skoða og ákvarða um framhaldið út frá mikilvægi og/eða hvort munur væri milli kynja eða bekkja. Allt yfir landsmeðaltal væri gott og þyrfti ekki að skoða nánar en þó haft í huga til að festa styrkleika í sessi.

### **3.5 Túlkun gagna og kynning á niðurstöðum**

Allt utanumhald og túlkun gagna er í höndum skólastjórnenda sem síðan kynna og ræða niðurstöður á kennarafundum og vinnufundum eftir því sem við á. Skýrsluna ber að setja á heimasíðu skólans og senda formanni fræðslunefndar til kynningar.

## 4 Niðurstöður og umbætur

### 4.1 Foreldraviðtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittust tvisvar sinnum á skólaárinu á formlegum fundum. Í upphafi skólaársins voru kennarar með námsefniskynningu í hverri bekkjardeild þar sem umsjónarkennari fór yfir námsefni og starf vetrarins. Í janúar voru einstaklingsviðtöl þar sem umsjónarkennari, forráðamenn og nemandi hittust og fóru m.a. yfir stöðu og gengi nemandans í námi. Niðurstöður viðtalanna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar. Ef upp koma mál sem eru þess eðlis að þau eigi erindi til skólastjóra og/eða nemendaverndarráðs er þeim komið þangað svo hægt sé að koma þeim í umbótaferli. Önnur mál voru leyst strax með þeim sem þau varðaði.

### 4.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl fara fram að hausti og aftur að vori. Þau eru trúnaðarmál skólastjóra og starfsmanns og eru um allt sem snertir starfið og reynt að hafa þau umbótamiðuð.




### 4.3 NEMENDAKÖNNUN 6.-10.b.


Spurningarnar í hverri könnun skiptast í nokkra flokka. Í nemendakönnun er spurt um: *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa nemenda og skóla- og bekkjaranda.*

### 4.3.1 Virkni nemenda í skólanum

Flokkurinn *virkni nemenda í skólanum* leiðir í ljós að nemendur okkar skora lægra í öllum þáttum en landsmeðaltal segir til um. Ánægja af lestri minnkar milli ára, þrautseigja fer aðeins upp frá í fyrra en það er gleðilegt að sjá að ánægja af náttúrufræði hefur aukist frá fyrra ári. Ánægja af stærðfræði stendur nokkurn veginn í stað frá í fyrra sem og trú á eigin vinnubrögð. Trú á eigin námsgetu var á pari við landið í fyrra en fer núna minnkandi og komið undir landsmeðaltal.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,1	93	4,8	15.358	-0,7*
1.2. Þrautseigja í námi	4,0	92	5,0	15.114	-1,0*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,1	93	5,1	15.340	-1,0*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,3	93	4,9	15.336	-0,6*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	93	5,0	15.077	-0,5*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	93	4,9	15.325	-0,4












#### 4.3.2. Líðan og heilsa

Þátturinn líðan og heilsa nemenda kemur svipað út í ár og fyrir ári síðan. Sjálfsálit okkar nemenda er aðeins undir landsmeðaltali en var á pari í fyrra. Stjórn á eigin lífi er alveg á pari við landið og vellíðan er aðeins undir. Sérstakt áhyggjuefni er að einelti/tíðni eineltis virðist aukast frá síðasta ári og er á pari við landið (var undir landsmeðaltali í fyrra). Tíðni eineltis minnkar þó innan skólaársins, eins og það gerir á landsvísu. Athygli vekur einelti sem virðist eiga sér stað í almennum kennslustundum og í íþróttatímum.

Hreyfing nemenda er yfir landsmeðaltali og var það einnig í fyrra. Hollt mataræði stendur nokkurn veginn í stað milli ára og er áfram undir landsmeðaltali.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,7	93	5,0	15.074	-0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,9	93	4,9	15.057	0,0
2.3. Vellíðan	4,7	93	4,9	15.305	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	25	-	-	-
2.5. Einelti	5,0	92	5,2	15.291	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	12,9%	12/93	12,0%	1886/15272	0,9%
2.7. Staðir eineltis	-	11	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	48,4%	45/93	41,0%	6023/14807	7,4%
2.9. Hollt mataræði	4,1	93	4,8	15.044	-0,7*






### 4.3.3 Skóla- og bekkjarandi

Almennt er þessi þáttur nokkurn veginn á pari við landsmeðaltal, þó aðeins undir. Samband nemenda við kennara fer þó mjög batnandi og er alveg á pari við landsmeðaltal (var undir í fyrra). *Agi í tímum* fer versnandi og er komið eilítið undir landsmeðaltal en *mikilvægi heimavinnu í náminu* er á pari við landsmeðaltal en var yfir landsmeðaltali í fyrra.


00

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	93	5,0	15.035	-0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	93	5,0	15.273	0,0
3.3. Agi í tímum	4,7	92	5,0	15.263	-0,3
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	93	5,1	15.248	-0,2
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,7	83	4,7	14.040	0,0


3.1. Samsömun við nemendahópinn – Ársmeðaltöl




3.2. Samband nemenda við kennara – Ársmeðaltöl




3.3. Agi í tímum – Ársmeðaltöl



3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Ársmeðaltöl



3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu – Ársmeðaltöl



#### 4.3.4. Nemendakönnun 1.-5.b.

Í ár tóku nemendur í 1.-5. b. Höfðaskóla í fyrsta sinn þátt í könnun Skólapúlsins. Spurt er eingöngu um viðhorf til lesturs. Niðurstöður sýna að viðhorf til lesturs er almennt mjög jákvætt og yfirleitt yfir landsmeðaltali. Mjög ánægjulegar niðurstöður.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	4,7	7	5,3	1.062	-0,6
1.2. Ánægja af lestri 2.b	6,8	9	5,4	1.121	1,4*
1.3. Ánægja af lestri 3.b	-	-	-	-	-
1.4. Ánægja af lestri 4.b	6,2	7	4,8	1.191	1,4*
1.5. Ánægja af lestri 5.b	4,8	6	4,5	1.027	0,3
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,5	33	5,0	5.535	0,5

## 4.4 FORELDRAKÖNNUN


Spurningar foreldra eru flokkaðar í eftirfarandi flokka: *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.*

### 4.4.1 Nám og kennsla


Yfirlitt eru foreldrar ánægðir með *nám og kennslu í skólanum* og er sá þáttur nú aðeins yfir landsmeðaltali. Ánægja með *stjórnun skólans* fer batnandi frá fyrra ári og er á pari við landsmeðaltal. Varðandi *þyngd námsefnis í skólanum* þá telur mikill meirihluti foreldra hana vera hæfilega. Athygli vekur mikil sveifla á skoðun foreldra er kemur að agi í skólanum. Árið 2015 vorum við langt undir landsmeðaltali, árið 2016 töluvert yfir landsmeðaltali, árið 2017 undir landsmeðaltal og í ár erum við nokkurn veginn á pari við landsmeðaltal.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,3	46	5,0	3.177	0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	88,9%	40/45	89,9%	2781/3090	-1,0%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	93,3%	42/45	83,9%	2649/3133	9,4%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,5%	31/44	72,0%	2238/3110	-1,5%


1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum – Arsmæðaltöl




1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans – Arsmæðaltöl



1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl



1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl



#### 4.4.2 Velferð nemenda


Þegar þátturinn *velferð nemenda í skólanum* er skoðaður kemur í ljós að foreldrar eru yfirleitt ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og er sá þáttur rétt um landsmeðaltal. Sömuleiðis eru foreldrar ánægðir með hvernig skólinn mætir *þörfum nemenda* og er sá þáttur alveg á pari við landsmeðaltal, nokkuð sem var vel undir meðaltali í fyrra. Foreldrar telja almennt að börnunum þeirra líði vel í skólanum og erum við þar á pari við landið og á það einnig við *líðan í kennslustund*. Líðan nemenda í frímínútum er hins vegar ekki eins góð og erum við þar aðeins komin undir landsmeðaltal. Upplifun foreldra varðandi einelti í skólanum er ánægjuleg en umfang eineltis að þeirra mati fer minnkandi (4,3% í ár á móti 6,8% í fyrra). Og til viðbótar hefur *ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum* stórbatnað og er nú á pari við landið. *Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu einteltismála* fer sömuleiðis batnandi, er undir landsmeðaltali en á hraðri leið upp á við. Um 72% foreldra telja að vel sé unnið eftir eineltisáætlun skólans.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	46	4,8	3.083	-0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	87,0%	40/46	87,1%	2711/3096	-0,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	89,1%	41/46	91,7%	2915/3177	-2,6%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	91,1%	41/45	91,4%	2904/3161	-0,3%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	84,8%	39/46	89,9%	2858/3169	-5,1%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	4,3%	2/46	9,4%	294/3128	-5,1%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	4/8	53,4%	300/541	-3,4%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	25,0%	2/8	52,4%	278/523	-27,4%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	72,4%	21/29	74,0%	1441/1906	-1,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	2,9	8	1,4	541	1,5
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	8	-	-	-


2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur –




2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda –




2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt –




2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt –




2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt –




2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra –




2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum – Ársmeðaltöl




2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum – Ársmeðaltöl



2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans – Ársmeðaltöl



2.10. Meðaltímabil eineltis – Ársmeðaltöl




#### 4.4.3 Aðstaða og þjónusta


Að mati foreldra hefur aðstaða í skólanum batnað og er sá þáttur yfir landsmeðaltali. Foreldrar eru almennt ánægðir með frístundarþjónustuna og hefur hlutfall þeirra sem nýta frístundaheimilið aukist að mun og vel yfir landsmeðaltali. Ánægja foreldra með mötuneytið hefur stórbatnað og er langt yfir landsmeðaltali. Að sama skapi fjölgar þeim sem nýta sér mötuneytið þó svo að við séum enn aðeins undir miðað við landið í heild.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,5	46	5,2	3.136	0,3
3.2. Ánægja foreldra með tómsundarþjónustu	4,7	30	4,9	1.909	-0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundarþjónustu/frístundaheimili	68,9%	31/45	58,9%	1966/3165	10,0%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundarþjónustu	-	14	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	94,4%	34/36	73,3%	2102/2786	21,1%*
3.6. Notkun á mötuneyti	82,6%	38/46	88,9%	2834/3171	-6,3%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0/8	6,7%	24/329	-6,7%


3.1. Ánægja foreldra með aðstoðu í skólanum – Ársmeðaltöl




3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu – Ársmeðaltöl




3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili – Ársmeðaltöl



3.5. Ánægja foreldra með máliðri í mótuneyti – Ársmeðaltöl



3.6. Notkun á mótuneyti – Ársmeðaltöl



3.7.1 Hver er helsta ástæða þess að barnið nýir ekki mótuneyti skólans?\*



#### 4.4.4 Foreldrasamstarf

Foreldrar eru almennt ánægðir með *frumkvæði kennarara að foreldrasamstarfi* og erum við þar nokkurn veginn á pari við landið. Þeir telja sig þó ekki hafa nægjanleg áhrif á *hvaða ákvarðanir* eru teknar varðandi börnin þeirra. Foreldrar telja sig einkum hafa áhrif á þætti eins og foreldrasamskipti og félags- og tómsundastarf en telja sig alls ekki hafa áhrif á stjórnun og stefnumótun, kennslufyrirkomulag, val á námsefni svo dæmi séu tekin. Foreldrar myndu hins vegar vilja hafa meiri áhrif á t.d. agamál, val á námsefni og námshraða. 94% foreldra eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal. Í ár telja um 31% foreldra sig *taka þátt í gerð námsáætlana* og er það tölvuvert undir landsmeðaltali en um 76% foreldra telja það mikilvægt á móti 85% foreldra á landsvísi. Mikil óánægja ríkir með *heimasíðu skólans* en síðan könnunin var gerð þá hefur ný heimasíða komið í loftið sem foreldrar eru vonandi ánægðir með.




Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,2	46	5,0	3.093	0,2
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	54,5%	24/44	58,6%	1814/2984	-4,1%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	61,9%	26/42	61,5%	1755/2799	0,4%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	33	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	24	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtali	93,5%	43/46	93,7%	2931/3118	-0,2%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	46	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	31,0%	13/42	55,0%	1619/2993	-24,0%*
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	76,3%	29/38	85,2%	2446/2870	-8,9%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	55,8%	24/43	78,9%	2443/3088	-23,1%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og	67,4%	31/46	71,6%	2268/3162	-4,2%


4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi – Ársmeðaltöl




4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur – Ársmeðaltöl




4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina – Ársmeðaltöl




4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtali – Ársmeðaltöl




4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum – Ársmeðaltöl




4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl



4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans – Ársmeðaltöl



4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá – Ársmeðaltöl









#### 4.4.5 Heimastuðningur

Síðasti liðurinn í spurningalista til foreldra varðar *heimastuðning*. Hvað varðar *virgni foreldra í námi barna sinna* þá hefur sá þáttur batnað frá í fyrra og er nú á pari við landið. Sömuleiðis hefur *trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu* aukist og er sömuleiðis á pari við landið sem og *vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu*.


Foreldrar eru nokkuð ánægðir með *magn heimanáms* nú (75% í ár á móti 82% í fyrra). Tími foreldra sem fer í að *aðstoða barnið sitt* hefur aukist frá í fyrra en er þó enn undir landsmeðaltali.

Lokaspurningin til foreldra varðar *væntingar um menntunarstig barna sinna*, þ.e. hvaða menntunarstigi þeir telji að börn sín muni ljúka. Nú ber svo til tíðinda að við erum á pari við landið og er það mikil breyting frá fyrri árum. Nú telja tæp 72% foreldra (í fyrra 55%) að börn þeirra fari í háskólanám á móti 74% á landinu öllu. Sömuleiðis erum við á pari varðandi væntingar foreldra um iðnnám.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,8	45	5,0	3.110	-0,2
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,7	46	4,7	3.098	0,0
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,5	46	4,5	3.050	0,0
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	75,0%	33 <sub>/44</sub>	73,4%	2251 <sub>/3052</sub>	1,6%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	44,4%	20 <sub>/45</sub>	54,7%	1704 <sub>/3059</sub>	-10,3%
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	71,4%	30 <sub>/42</sub>	73,6%	2010 <sub>/2802</sub>	-2,2%
5.7. Væntingar foreldra um iðnnám	11,9%	5 <sub>/42</sub>	12,2%	368 <sub>/2802</sub>	-0,3%



### 5.7.1 Hvaða námsgráðu átt þú von á að barnið þitt ljúki?





## 4.5 STARFSMANNAKÖNNUN



Spurningum starfsmanna er skipt í eftirfarandi flokka: *almennar upplýsingar um starfsmenn, viðhorf til skólans, kennarastarfið, starfsumhverfi kennara, mat og endurgjöf og símenntun kennara*. Misjafnt er eftir starfsheiti hvaða spurningum hver starfsmaður svarar

### 4.5.1 Allir starfsmenn – almennt.

Spurt er um *starfsmannaviðtöl* og könnunin sýnir að við erum þar yfir landsmeðaltali. Sama má segja um *gagnsemi starfsmannaviðtala*. Sú breyting er frá í fyrra að nú upplifa starfsmenn mun minna *áreitni meðal starfsmannahópsins* af hálfu annarra starfsmanna og/eða foreldra/nemenda og erum við nú á pari við landið. Hins vegar upplifa starfsmenn *einelti meðal starfsfólks* af hálfu annarra starfsmanna og/eða foreldra/nemenda í meira mæli en í fyrra og það töluvert yfir landsmeðaltali.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	83,3%	15 <sub>/18</sub>	67,8%	1356 <sub>/1978</sub>	15,5%
1.2. Gagnsemi starfsmannaviðtals	92,9%	13 <sub>/14</sub>	83,2%	1054 <sub>/1240</sub>	9,7%
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	16,7%	3 <sub>/18</sub>	19,2%	377 <sub>/1994</sub>	-2,5%
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	22,2%	4 <sub>/18</sub>	9,6%	188 <sub>/1995</sub>	12,6%









#### 4.5.3 Viðhorf starfsmanna til skólans

Almennt séð kemur þessi liður mjög vel út og sýnir að vel hafi tekist með að vinna úr ákveðinni óánægju síðasta árs. Starfsánægja og starfsandi í skólanum hefur aukist til muna frá í fyrra og er nú á pari við landið. Ánægja með *upplýsingastreymi* fer batnandi og er yfir landsmeðaltali nú. Ánægja með *stjórnun skólans* er meiri og komin yfir landsmeðaltal. *Starfsumhverfi í skólanum* fer einnig batnandi og er rétt yfir landsmeðaltali.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,2	18	5,1	2.014	0,1
2.2. Starfsandi innan skólans	4,8	18	5,0	1.993	-0,2
2.3. Stjórnun skólans	5,3	17	5,0	1.981	0,3
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	5,2	18	4,7	2.008	0,5
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	4,9	18	4,7	1.986	0,2
















#### 4.5.4 Kennarastarfið

Ánægja með kennarastarfið fer vaxandi frá því í fyrra og er nú á pari við landið. Trú kennara á eigin getu er góð og er yfir landsmeðaltali. Spurt er um *upplýsingamiðlun til foreldra* og hefur hún farið vaxandi og er yfir landsmeðaltali í ár.

Eins og í fyrra þá ætlast kennarar Höfðaskóla í mun minna mæli en á landsvísu til *heimavinnu af nemendum sínum* og stendur það nokkurn veginn í stað frá því í fyrra. Í Höfðaskóla sinna færri kennarar *undirbúningi sínum í skólanum* en á landsvísu (40% á móti 65% á landinu öllu). Spurt er um kennsluáferðir og þegar spurt er um hvort öllum hópnum sé kennt í einu, þá svara 60% því að það sé gert hér á móti 50% á landsvísu. *Hópavinna* hefur jafnframt aukist frá því í fyrra og er nú ívið meiri en á landinu öllu (50% á móti 32%). *Einstaklingsvinna*, þar sem nemandi vinnur sjálfstætt eftir áætlun eða ákveðnu markmiði, hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2016 og er langt yfir landsmeðaltali (70% á móti 37%). *Einstaklingsmiðuð kennsla* er svipuð og í fyrra og er nú 70% á móti 50% á landsvísu. Áhersla á *námsmat með prófum* hefur minnkað mjög mikið og er komið langt undir landsmeðaltal og er það í samræmi við áherslur skólans um fjölbreytt námsmat. Áhersla á *námsmat með öðru en prófum* hefur aukist að sama skapi og er komið yfir landsmeðaltal sem er breyting frá í fyrra.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	4,5	10	4,7	1.219	-0,2
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,7	10	4,8	1.241	0,9
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,4	10	5,0	1.173	0,4
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	25,0 mín	9	43,2 mín	1.050	- 18,2 mín*
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	40,0%	4/10	65,3%	823/1272	-25,3%
3.6. Öllum þekktum kennt í einu	60,0%	6/10	49,5%	580/1176	10,5%
3.7. Hópa vinna í bekk	50,0%	5/10	32,4%	374/1152	17,6%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	70,0%	7/10	37,1%	454/1226	32,9%*
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	70,0%	7/10	50,1%	612/1230	19,9%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	0%	0/10	17,4%	211/1209	-17,4%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	90,0%	9/10	77,0%	954/1245	13,0%
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	2	-	-	-






#### 4.5.5 Starfsumhverfi kennara

*Stuðningur við kennara vegna nemenda með náms- og hegðunarörðugleika* hafa aukist frá því í fyrra er nú yfir landsmeðaltali. Sama má segja um *stuðning við kennara vegna nemenda með hegðunarörðugleika*. *Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara* hefur aukist og er kominn yfir landsmeðaltal. *Samráð um kennslu* er svipað og í fyrra og er yfir landsmeðaltal. *Samvinna um kennslu* tók heljarstökk upp á við í fyrra og fer enn vaxandi. Þar erum við vel yfir landsmeðaltali. *Valddreifing um ákvarðanartöku* hefur stórukist frá því að vera á pari við landið í það að vera langt yfir landsmeðaltali (6,4 á móti 4,7). *Virk samvinna um skólaþróun og umbætur* er eins og í fyrra. *Vinnuaðstæður kennara* hafa batnað frá í fyrra og er nú yfir landsmeðaltali og tónar það vel við þær breytingar sem gerðar voru á skólahúsnæðinu í sumar.




Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,7	9	4,8	1.130	0,9
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,4	9	4,8	1.124	0,6
4.3. Faglegur stuðningur skólástjóra við kennara	5,4	9	4,9	1.195	0,5
4.4. Samráð um kennslu	5,6	10	5,0	1.145	0,6
4.5. Samvinna um kennslu	6,7	9	5,2	1.156	1,5*
4.6. Valdgreifing við ákvarðanatöku	6,4	8	4,7	1.089	1,7*
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,5	9	4,7	1.160	0,8
4.8. Vinnuáðstæður kennara	5,7	10	5,1	1.200	0,6


Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika – Ársmeðaltöl




Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. – Ársmeðaltöl




Faglegur stuðningur skólástjóra við kennara – Ársmeðaltöl




4.4. Samráð um kennslu – Ársmeðaltöl



4.5. Samvinna um kennslu – Ársmeðaltöl




4.6. Valdgreifing við ákvarðanatöku – Ársmeðaltöl



4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur – Ársmeðaltöl








4.8. Vinnuáðstæður kennara – Ársmeðaltöl



#### 4.5.6 Mat og endurgjöf

Hlutfall kennara sem fá *mat og endurgjöf* árlega eða oftár frá skólustjórnendum, öðrum kennurum eða utanaðkomandi aðilum er hærra við Höfðaskóla en almennt gerist (80% % hér á móti 67% á landinu). Um 60% kennara telja *mat og endurgjöf frá stjórnendum* vera hæfilegt og er svipað og í fyrra. *Sanngirni mats og endurgjafar* hefur hækkað töluvert frá í fyrra og er nokkurn veginn á pari við landið. Sama má segja um *gagnsemi mats og endurgjafar*. *Nýting á niðurstöðum kennaramats* er komið yfir landsmeðaltal sem er breyting frá í fyrra.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	80,0%	8 <sub>/10</sub>	67,4%	760 <sub>/1120</sub>	12,6%
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	60,0%	6 <sub>/10</sub>	54,8%	632 <sub>/1133</sub>	5,2%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	87,5%	7 <sub>/8</sub>	91,6%	722 <sub>/779</sub>	-4,1%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	87,5%	7 <sub>/8</sub>	88,1%	681 <sub>/761</sub>	-0,6%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	5,0	9	4,6	748	0,4





#### 4.5.7 Símenntun kennara

Að lokum er spurt um *símenntun kennara*. *Símenntunarpörf kennara* er á svipuðu róli og í fyrra og vilja kennarar helst sækja sér símenntun í nýjungum og þróun í kennslufræðum, upplýsinga- og samskiptatækni og í aðalkennslugrein.

Það sem helst hindrar að kennarar sækji sér símenntun er kostnaður og vinnutími.

Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni er einkum í formi námskeiða og ráðstefna/fyrirlestra.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár.	33,3%	3/9	50,1%	550/1098	-16,8%
6.2. Símenntunarpörf kennara	6,3	10	5,4	1.164	0,9
6.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	50,0%	5/10	52,5%	593/1137	-2,5%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	10	-	-	-



## 4.6 Námsmat skóla og samræmd próf

Höfðaskóli er með tveggja anna kerfi. Nemendaviðtöl voru haldin þegar fyrri önn lauk þar sem niðurstöður námsmats var komið til nemenda og forráðamanna þeirra. Ekki eru haldnir sérstakir prófadagar heldur fléttast námsmatið inn í skólastarfið og lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. Í ár var einmitt lögð áhersla á endurmenntun í leiðsagnarmati í samstarfi við aðra skóla í Húnavatnssýslum.

## 4.7 Umbætur

Með því að nota Skólapúlsinn skuldbindum við okkur til að grípa til aðgerða þar sem þess er þörf og festa í sessi það sem hefur gefist vel í skólanum. Í framhaldi af þessari skýrslu verður gerð umbótaáætlun sem við kynnum starfsfólki haustið 2018.

## 5 Að lokum

Skólapúlsinn bendir okkur réttilega á að við verðum að bregðast við ákveðnum annmörkum og verður hafist handa strax við að greina þessa annmarka og gera umbótaáætlun í kjölfarið.

Gott skólastarf byggir á því að allir vinni að sama takmarki, bæði starfsfólk, heimilin og nemendur. Við viljum að öllum líði hér vel og hljótum að taka þær athugasemdir alvarlega sem fram koma í könnun Skólapúlsins.

Höfðaskóla er ekkert að vanbúnaði að verða enn betri skóli þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og honum mætt á einstaklingsgrundvelli. Með aukinni teymiskennslu og leiðsagnarmati teljum við að hægt verði að koma til móts við alla nemendur hvar sem þeir eru staddir í námi og þroska.